



Fjarðabyggð

# *Breyting á deiliskipulagi*

***NAUST 1 – NORÐFJARÐARHÖFN OG NÁGRENNI***



***Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð þessari með umhverfisskýrslu og á uppdrætti dags. 27.07.2015.***

**GREINARGERÐ 27.07.2015**



## **Efnisyfirlit**

1.	Inngangur .....	1
2.	Forsendur deiliskipulagsbreytingar .....	1
3.	Yfirlit yfir deiliskipulagsbreytingu þessa .....	1
4.	Málsmeðferð .....	3
5.	Umhverfisskýrsla .....	3
5.1.	Tengsl við aðra áætlanagerð (a-liður) .....	4
5.2.	Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður) og umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c- liður) .....	4
5.3.	Umhverfisverndarmarkmið (e-liður) .....	5
5.4.	Mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður) .....	6

## 1. Inngangur

Deiliskipulagi „Naust 1 – Norðfjarðarhöfn og nágrenni“ er breytt samkvæmt samþykkt í sveitarstjórn 21.3.2013. Gert er ráð fyrir stækkun á hafnarsvæði Norðfjarðar með landfyllingu, undir hafnarstarfsemi og stækkun lóðar Naustahvams 51. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er unnin breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027.

## 2. Forsendur deiliskipulagsbreytingar

Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Norðfjarðarhöfn. Innan núverandi hafnar er ekki auðvelt að koma fyrir starfsemi með góðu aðgengi að hafnarkanti en sveitarfélagið hefur áhuga á að bjóða upp á slíkar lóðir. Einhverjir möguleikar eru á núverandi hafnarsvæði en þröngt er um þá.

Meginmarkmið deiliskipulagsbreytingar er að geta boðið upp á nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi með greiðu aðgengi að hafnarkanti og nýta það landssvæði sem fyrir eins vel og hægt er með stækkun lóðar.

Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki. Aðkoma að svæðinu yrði um Landanaust og um nýjan veg á milli lóða 45 og 51 við Naustahvamm. Á lóðum við Naustahvamm 53, 55 og 57 eru lýsis- og olíutankar, á lóð nr. 51 er söfnunarstöð fyrir sorp til förgunar og endurvinnslu og á lóð við Naustahvamm 45 er geymsluhúsnæði.

Ströndin er manngerð og með grjótnargarði. Áður hafa lækir runnið til sjávar við ströndina en eftir að núverandi landfylling var gerð hafa þeir verið sameinaðir og renna þeir nú meðfram götunni Naustahvamm og fara svo í einum farvegi til sjávar austan við lóð nr. 51. Ný landfylling þar framundan hefur þau áhrif að færa þarf farveginn, en gerð er grein fyrir nýrri legu hans á skipulagsupprætti.

Ný landfylling yrði að mestu á eða fram undan hættusvæði A og B vegna náttúruvá en lítill hluti hennar innan hættusvæðis C. Engar lóðir eða byggingar eru áformaðar á þeim hluta sem er innan hættusvæðis C en á þeim hluta landfyllingarinnar sem er innan eða framundan hættusvæði A og B eru áformaðar lóðir og byggingar. Umfjöllun um svæði undir náttúruvá er í greinargerð Aðalskipulags Fjarðabyggðar í kafla 9.2.14 og þar er fjallað um þau ákvæði sem gilda á svæðunum. Nánari umfjöllun er í kafla 4 um málsmeðferð og kafla 5 umhverfisskýrslu.

Nánar má lesa um ákvæði um hættusvæði A, B og C í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 9.2.14.

Um landnotkun á slíkum svæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997, reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. og hættumati fyrir Neskaupstað staðfestu 2002, sbr. einnig umfjöllun í 3. kafla.

## 3. Yfirlit yfir deiliskipulagsbreytingu þessa

Ný landfylling verður gerð sunnan við Landanaust til móts við Naustahvamm 51 – 57. Landfyllingin verður 26.350 m<sup>2</sup> að flatarmáli og 218.200 m<sup>3</sup> að rúmmáli. Gengið verður frá landfyllingu með stálkanti sem mun ná niður á -10 m dýpi.

Gert er ráð fyrir að efni í landfyllinguna verði fengið frá fjórum stöðum, tveimur á landi og tveimur í sjó. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er Skuggahlíð (E5) skilgreind sem náma. Í aðalskipulagi er jafnframt heimilt að óska eftir efnistöku í árfarvegum og úr sjó innan netalaga sem Norðfjarðará og efnisnám í fjöru við flugvöll fellur undir. Að neðan er gerð grein fyrir umfangi efnisnáms frá hverjum stað:

1. Skuggahlíð (auðkennd E5 í aðalskipulagi Fjarðabyggðar) eða úr núverandi grjótvörn: Að mestu grjót og kjarni, um 1700 m<sup>3</sup>.
2. Dýpkunarefni vegna framkvæmdar og í höfn, áætlað um 113.000 m<sup>3</sup>.
3. Viðfjörður, um 83.500 m<sup>3</sup>.
4. Fyllingarefni sem til fellur á landi og/eða úr námu við Norðfjarðará 20.000 m<sup>3</sup>.

Á landfyllingu er gert ráð fyrir fimm lóðum undir hafnarstarfsemi og einni fyrir dælu- og hreinsistöð.

Í gildandi deiliskipulagi var afmörkuð lóð að Landanausti 1 undir dælu- og hreinsistöð. Lóðin var staðsett syðst í Landanausti. Í deiliskipulagsbreytingu þessari er lóðin flutt til og heimilisfangi breytt í **Landanaust 11**. Skipulagsákvæði haldast óbreytt. Að auki eru afmarkaðar fimm nýjar lóðir og byggingarreitir á landfyllingu sem fá heimilisföngin Landanaust 3, 5, 7, 9 og 11. Um nýjar lóðir gilda almennir skilmálar (kafli 2.4). Fjallað er um viðbót við kafla 2.5 Sérskilmálar um lóðir vegna nýrra lóða hér að neðan:

**Landanaust 3.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Stærð lóðar er 3.836 m<sup>2</sup>. Stærð byggingarreits er 3.153m<sup>2</sup>. Landnotkun í samræmi við skipulagsákvæði í aðalskipulagi. Hámarksflatarmál nýbyggingar er 3.069 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar er 0,8. Hámarkshæð byggingar 14 m.

**Landanaust 5.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Stærð lóðar er 3.618 m<sup>2</sup>. Stærð byggingarreits er 2.937 m<sup>2</sup>. Landnotkun í samræmi við skipulagsákvæði í aðalskipulagi. Hámarksflatarmál nýbyggingar er 1.809 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar er 0,5. Hámarkshæð byggingar 14 m.

**Landanaust 7.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Stærð lóðar er 3.733 m<sup>2</sup>. Stærð byggingarreits er 3.098 m<sup>2</sup>. Landnotkun í samræmi við skipulagsákvæði í aðalskipulagi. Hámarksflatarmál nýbyggingar er 1.876 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar er 0,5. Hámarkshæð byggingar 14 m. Heimilt er að sameina byggingarreiti á lóðum Landanausts 7 og Landanausts 9 og byggja þar eina byggingu, enda fari nýtingarhlutfall lóða ekki yfir 0,5.

**Landanaust 9.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Stærð lóðar er 3.925 m<sup>2</sup>. Stærð byggingarreits er 3.048 m<sup>2</sup>. Landnotkun í samræmi við skipulagsákvæði í aðalskipulagi. Hámarksflatarmál nýbyggingar er 1.963 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar er 0,5. Hámarkshæð byggingar 14 m. Heimilt er að sameina byggingarreiti á lóðum Landanausts 9 og Landanausts 7 og byggja þar eina byggingu, enda fari nýtingarhlutfall lóða ekki yfir 0,5.

**Landanaust 11.** Ný lóð undir dælu- og hreinsistöð. Stærð lóðar er 701 m<sup>2</sup>, leyfilegt er að fullnýta byggingarreitinn sem er 542 m<sup>2</sup>.

**Naustahvammur 51.** Lóð er stækkuð úr 1.668 m<sup>2</sup> í 2.346 m<sup>2</sup>. Stærð byggingarreits er 1.173 m<sup>2</sup>. Landnotkun í samræmi við skipulagsákvæði í aðalskipulagi. Um lóðina gilda almennir skilmálar (kafli 2.4). Hámarksflatarmál nýbyggingar er 1173 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar er 0,5. Hámarkshæð byggingar 14 m.

Í kafla 2.2 Náttúru- og menningarminjar er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Í umsögn Minjastofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna stækkunar hafnarsvæðis kemur fram að engar heimildir séu um neðansjávarminjar á uppfyllingarsvæðinu. Um áður ókunnar minjar er kunna að finnast við framkvæmd skal fara eftir 2. mgr. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.“

Athygli er vakin á því að tekið hafa gildi ný lög um menningarminjar sem koma í stað tilvísunar í Þjóðminjalög sem fjallað er um í kaflanum.

#### 4. Málsmeðferð

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulags- og matslýsingar. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Hún var jafnframt auglýst í Dagskrá og Austurglugganum og á vef Fjarðabyggðar.

Tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á vinnslustigi voru kynntar samtímis að lokinni umfjöllun í Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd þann 23. febrúar 2015. Nokkrar ábendingar bárust frá umsagnaraðilum og hefur verið unnið úr þeim. Meðal annars kom ábending frá Skipulagsstofnun um að vinna þyrfti hættumat fyrir „landfyllinguna alla en gildandi hættumat virðist eingöngu ná yfir hluta hennar“<sup>1</sup>. Það er mat Veðurstofu Íslands „að þær breytingar á landnýtingu sem skipulagstillagan felur í sér samræmist lögum og reglugerð um varnir gegn skriðuföllum og snjóflóðum“ og ekki sé „þörf á því að framlengja hættusvæði A og B vegna þessara áforma“<sup>2</sup>. Þetta mat Veðurstofunnar kom fram eftir að deiliskipulagstillagan var send þangað til umsagnar. Veðurstofan og Skipulagsstofnun fengu auglýstar tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingu aftur til umsagnar á auglýsingatíma tillögunnar.

Tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingu voru auglýstar skv. skipulagslögum frá og með 12. júní til og með 24. júlí 2015, í greinargerðum með umhverfisskýrslu og uppdráttum dags. 3. júní 2015. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Öll skipulagsákvæði eru því óbreytt í deiliskipulagsbreytingu þessari dags. 27. júlí 2015, frá þeirri tillögu sem auglýst var.

#### 5. Umhverfisskýrsla

Áformuð aðalskipulagsbreyting fellur undir lög nr. 106/2006 um umhverfismat áætlaða. Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a-j í 6 gr. laganna þar sem fram kemur hvað skuli koma fram í umhverfisskýrslu.

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri landfyllingu. Á landfyllingunni eru afmarkaðar nýjar lóðir, fimm fyrir byggingar með hafntengdri starfsemi og ein fyrir dælustöð. Efni í landfyllinguna verður fengið frá fjórum stöðum, Skuggahlíð (E5) og Norðfjarðará á landi, og í Viðfirði og með dýpkun við höfnina. Ströndin á skipulagssvæðinu er röskuð og þar er nú grjótvarnargarður. Við sjóinn voru áður mörg naust, þó líklegt sé að þau séu að mestu horfin undir veg og hafnarmannvirki. Nokkrar menningarminjar eru sýnilegar nokkru frá ströndinni við Þjóðveginn m.a. bæjarhóll býlisins Naustahvamms og tóftir sem mögulega tengjast því. Þær minjar eru utan þess svæðis sem breyting á deiliskipulagi nær til. Ekki eru heimildir um minjar neðansjávar.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Sjá umsögn Skipulagsstofnunar frá 30. apríl 2015: Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar, stækkun hafnarsvæðis H1, Norðfjarðarhöfn.

<sup>2</sup> Sjá umsögn Veðurstofunnar frá 13. maí 2015. Tillögur að breytingu á aðalskipulagi/deiliskipulagi í Neskaupstað – Ofanflóðahættumat.

<sup>3</sup> Sjá umsögn Minjastofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna stækkunar hafnarsvæðis á Norðfirði.

### 5.1. Tengsl við aðra áætlanagerð (a-liður)

Deiliskipulagsbreyting þessi er gerð í tengslum við hugmyndir um stækkun hafnaraðstöðu Norðfjarðarhafnar með landfyllingu. Í deiliskipulaginu eru settir nánari skilmálar um mannvirki, landnotkun, nýtingu o.fl. eftir því sem við á og þær skipulagsforsendur aðrar sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa, m.a. vegna efnistöku.

Samhliða breytingu á deiliskipulagi var unnin breyting á aðalskipulagi þar sem hafnarsvæði Norðfjarðarhafnar var stækkað. Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við þá breytingu á aðalskipulagi.

### 5.2. Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður) og umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c- liður)

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnumörkun deiliskipulagsins eða framkvæmdum byggðum á því eru:

- *Vatnafar og lífríki*, vegna nýrrar landfyllingar á strandsvæði .
- *Minjar og landslag* vegna landslagsmótunar á framkvæmdatíma, efnistöku og sjónrænna áhrifa af starfsemi.
- *Öryggi*, þar sem landnotkun skal hagað með tilliti til náttúruvár og svæðið er innan hættusvæðis A, B og C.

Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	++ Jákvæð áhrif á viðmið umhverfisþáttar
Nokkuð jákvæð	+ Nokkuð jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Hlutlaus	0 Hlutlaus áhrif á umhverfisþáttinn
Nokkuð neikvæð	÷ Nokkuð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Neikvæð	÷÷ Neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Óvissa	? Áhrif eru óviss og ráðast m.a. af nánari útfærslu skipulags

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Litið er til viðmiða úr stefnu stjórnvalda við mat á umhverfisáhrifum tillögu um breytingu á deiliskipulagi. Í tillögunni felst að á svæðinu verði almenn hafnarstarfsemi eins og hún er skilgreind í gildandi aðalskipulagi.

Litið er til eftirfarandi viðmiða við mat á umhverfisáhrifum af breytingum á deiliskipulagi:

*Viðmið um vatnafar og lífríki:*

Verndun líffræðilegs fjölbreytileika, bæði tegunda og vistgerða (VEL, LÍF).

Forðast að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands (VEL).

Vernda gæði vatns; neysluvatns, yfirborðsvatns, vötn, ár, læki og ströndina (VEL).

Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki (VEL).

Forðast að byggja á/raska óhreyfðu landi (LÍF).

Svæði á náttúruverndaráætlun (NÁT).

Friðlýst svæði (FRI)

Svæði á náttúruminjaskrá (NÁM)

*Viðmið um minjar og landslag:*

Við hönnun, skipulag og byggingaframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni (MAN).

Vernda og bæta menningararf sem felst í menningarminjum, byggingum og fornleifum (FER).

Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæði, lands eða heimsvísu (VEL).

Tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi (MAN).

*Viðmið um öryggi:*

Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár og tekið tillit til fyrirliggjandi hættumats á vásvæðum (VEL).

Skammstafanir vísa til eftirtaldinna áætlana og eftirfarandi lög eru lögð eru til grundvallar:

- Ferðamálaáætlun 2011-2020 (FER).
- Friðlýst svæði (FRI).
- Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (LÍF).
- Menningarstefna í mannvirkjagerð (MAN).
- Náttúruminjaskrá (NÁM).
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013 (VEL)
- Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.
- Skipulagslög, nr. 123/2010.
- Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.
- Lög um stjórn vatnamála, nr. 15/2011.
- Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

### **5.3. Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)**

Á skipulagssvæðinu eru engin vernduð svæði og engar þekktar minjar. Hafnarsvæðið stækkar út yfir svæði þar sem núna er sjór og „en ekki eru heimildir um neðansjávarminjar á því svæði, hvorki flök né annað“.<sup>4</sup> Ströndinni og svæðinu upp af henni hefur nú þegar verið raskað og litlar líkur á að einhverjar minjar séu fyrir hendi. Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) skal sá sem finnur áður ókunnar minjar við framkvæmdir, stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun.

<sup>4</sup> Sjá umsögn Minjastofnunar um skipulag- og matslýsingu vegna stækkunar hafnarsvæðis á Norðfirði, v/deiliskipulags og aðalskipulags, dags. 12. febrúar 2015.



#### **5.4. Mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður)**

Í umhverfismatinu er stækkun athafnarsvæðis hafnar á Norðfirði með landfyllingu borin saman við núll kost sem felur í sér óbreytt deiliskipulag. Horft er til áhrifa á þá umhverfisþætti sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnumörkun og viðkvæmni þeirra fyrir breytingum.

Breytingin er talin líkleg til að hafa áhrif á umhverfisþættina *vatnafar og lífríki, minjar og landslag og öryggi*.

**Vatnafar og lífríki:** Engar heimildir eru um að lífríki neðansjárvar þar sem stækka á hafnarsvæðið sé sérstætt. Áður hafa lækir runnið til sjávar við ströndina en eftir að núverandi landfylling var gerð hafa þeir verið sameinaðir og renna þeir nú meðfram götunni Naustahvammi og fara svo í einum farvegi til sjávar austan við lóð nr. 51. Vegna nýrrar landfyllingar þar framundan þarf að færa farveginn. Slík færsla ætti ekki að hafa umtalsverð áhrif á lífríki eða vatnafar, enda núverandi farvegur manngerður.

Í deiliskipulagi hafnarsvæðisins er sýnd kvöð um lagnaleið um lóðina Naustahvamm 67-69. Þarna er útrás fyrir skolp út í sjó og þar hefur mælst nokkur gerlamengun, entero kokkar og saurkólí.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóð fyrir hreinsi- og dælustöð fyrir skólþ að Landanausti 11 sem hefði jákvæð áhrif á mengun í sjó.

Efnistaka er áætluð af hafsbotni í Viðfirði og að efni fáiast vegna dýpkunar á hafnarsvæðinu. Öll efnistaka í sjó hefur í för með sér röskun og áhrif á lífríki eru því háð óvissu. Þá er áætlað að grjót og kjarni verði fenginn úr námu við Skuggahlíð (E5 í aðalskipulagi Fjarðabyggðar) og fyllingarefni komi í landfyllinguna úr efni sem fellur til á landi og úr námu við Norðfjarðará.

**Minjar og landslag:** Engar þekktar minjar eru neðansjárvar. Ef fornminjar sem áður eru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmdir án tafar og hafa samband við Minjastofnun. Svæðin sem um ræðir eru ekki á náttúruverndaráætlun, friðlýst eða á náttúruminjaskrá

Ný landfylling er áætluð 26.350 m<sup>2</sup> að flatarmáli og 218.000 m<sup>3</sup> að rúmmáli. Efni í framkvæmdina verður fengið frá fjórum stöðum, tveimur á landi og tveimur í sjó. Mest af efninu mun kom úr sjó og sjónræn áhrif af efnistöku því lítil.

Sjónræn áhrif vegna stækkaðs hafnarsvæðis verða einhver þar sem mannvirki koma í stað hafflatar. Svæðið er í beinum tengslum við núverandi hafnarsvæði og áformaðar byggingar í samræmi við nálægar byggingar.

**Öryggi:** Áformuð landnotkun á svæðinu tekur mið af þekktri hættu á ofanflóðum. Ný landfylling yrði á hættusvæði A og B vegna náttúruvárs, og lítill hluti á svæði C. Engar byggingar eru áformaðar á svæði C en á hættusvæði A og B eru afmarkaðar lóðir og byggingarreitir. Þar eru nýjar byggingar heimilar skv. frekari skilmálum. Á hættusvæði B eru heimilt að reisa atvinnuhúsnæði en ekki er heimilt að gista í því. Á hættusvæði A er heimilt að gista í húsum en þau þurfa að vera styrkt miðað við ákvæði í reglugerð nr. 505/2000. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir húsnæði fyrir hefðbundna hafnarstarfsemi en ekki húsum til að gista í. Nánar má lesa um ákvæði á hættusvæði A, B og C í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 9.2.14.

Umhverfisáhrif: Líkur eru á því að stækkun hafnarsvæðis Norðfjarðarhafnar með landfyllingu verði hlutlaus á öryggi. Áhrif á landslag eru nokkuð neikvæð vegna breytingar á ásýnd hafnar. Áhrif á lífríki eru óviss en efnistaka nærri landi getur haft áhrif á búsvæði lífvera.

	Vatnafar og lífríki	Minjar og landslag	Öryggi
Stækkun Norðfjarðarhafnar með landfyllingu	?	+	0

Skjalanúmer Alta: A1079-006-U04 BRASK Greinargerð